

80.Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar var haldin í íþróttahúsinu í Ólafsvík

Mánudagurinn 16.10. 2017 kl 12:00

Á fundinn mættu:

Rán Kristjánsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Ása Gunnarsdóttir,
Einar Hjörleifsson, Björn Hilmarsson og Brynja Mjöll Ólafsdóttir

1. Fjárhagsáætlun.

Rætt var um að sækja sérstaklega um færnanlegu hjólabrautina aftur sem sótt var um í vor til bæjarstjórnar, hoppudýnu, vatnsfonta staðsetta við sparkvellina og ca miðja vegu við nýjan hjóla/ göngustíg. Nefndarmenn söknuðu þess að sjá ekki minigolf- og frisbyvellina setta upp síðasta sumar og er líkleg ástæða að enginn nefndarmanna bað sérstaklega um það til bæjarins. Óskum við því þess að það verði gert næsta sumar.

2. Gerfigrasvöllur.

Miklar umræður voru um þessa framkvæmd og fjölnotahús. Var einnig rætt um íþróttá- og útivistar framtíðarsvæði. Nefnt var að samráð og kynning við bæjarbúa hefði mátt vera fyrir.

3. Frístundastyrkur

Hugsunin þarna er að ná til fleiri íbúa, sérstaklega nýbúa vegna fækkunar iðkenda í íþróttum. Það má benda á að æfingagjöld eru frekar lág hér enn hár kostnaður við ferðir á mót, í leiki og fatnaður.

4. Afdrep

Sigrún sagði að vel gengi með starfið og nýr starfsmaður, hann Konni væri mjög vinsæll hjá krökkunum.

5. Önnur mál.

Rán bað um orðið og benti á að nefndin mætti vera sýnilegri og að hún mætti senda meira frá sér.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl 13.30

Björn Haraldur Hilmarsson ritari.